

### 3. fundur í starfshópi um dagdvöl fyrir heilabilaða.

Haldinn miðvikudaginn 17. október 2018 kl. 11 að Strandgötu 6.

Mættir: Valdimar Víðisson, Sigríður Erla Ragnarsdóttir, Auðbjörg Ólafsdóttir og Rannveig Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Farið yfir vettvangsferðina sem farin var í síðustu viku. Fundarmenn sammála um að rýmið á Strandgötu 75 væri heppilegt fyrir dagdvöl þar sem núverandi dagdvöl Alzheimersamtakanna er þar til húsa. Þar sem mælir á móti er að sveitarfélagið á ekki það húsnæði og þess vegna félli til kostnaður vegna leigugreiðslna. Hafnarfjarðarbær á St. Jósefsspítala og Sólvang sem mælir með þeirri staðsetningu.
2. Rætt um að skynsamlegt sé að stækka dagdvölin á Sólvangi og óska eftir fleiri rýmum þar. Sótt hefur verið um til Framkvæmdasjóðs aldraðra fyrir breytingum á húsnæðinu á Sólvangi þannig að dagdvölin geti stækkað. Sú framkvæmd ætti að geta gengið hratt fyrir sig.
3. Rætt að rétt væri að sækja einnig um rými fyrir dagdvöl fyrir heilabilaða á St. Jósefsspítala. Líklega verður ekki tilbúið svæði fyrir dagdvöl í st. Jó fyrir en 2020 þannig að um langtímamarkmið væri að ræða.
4. Sviðsstjóra falið að ræða við verkefnastjóra St. Jó um möguleika á úthlutun rýmis í St. Jó fyrir dagdvöl fyrir heilabilaða.
5. Ákveðið að fá fulltrúa frá Alzheimer-samtökunum á næsta fund starfshópsins sem verður fimmtudaginn 25.okt. kl. 8:15.
6. Sviðsstjóra falið að gera drög að bréfi til velferðarráðuneytisins með ósk um fjölgun dagdvalarrýma.

Fundi slitið kl. 11:45.